

Knattspyrnusamband Íslands



Alltaf í boltanum

2010

**65. ársþing KSÍ
Skýrslur nefnda**

Coca-Cola
BORGUN


SPKEF
SPARISJÓÐUR

ICELANDAIR 
Lengjan

Efnisyfirlit

Stjórn og nefndir KSÍ	2
Skýrsla landsliðsnefndar karla	4
Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla	5
Skýrsla unglinganefndar karla	6
Skýrsla landsliðsnefndar kvenna	9
Skýrsla unglinganefndar kvenna	10
Skýrsla mótanefndar	22
Skýrsla dómarnefndar	30
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar	37
Skýrsla háttvísinefndar	39
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar	40
Skýrsla fræðslunefndar	42
Skýrsla útbreiðslunefndar	45
Skýrsla mannvirkjanefndar	49
Heiðursviðurkenningar	50
Kærur og úrskurðir	51

Stjórn og nefndir KSÍ

Stjórn

Geir Þorsteinsson	Formaður
Gylfi Þór Orrason	Varaformaður
Guðrún Inga Sívertsen	Gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson	Ritari
Róbert B. Agnarsson	
Rúnar Arnarson	
Ragnhildur Skúladóttir	
Lúðvík S. Georgsson	
Vignir Már Þormóðsson	

Varastjórn

Jóhannes Ólafsson
Þórarinn Gunnarsson
Sigvaldi Einarsson

Landshlutafulltrúar

Árni Ólason	Austurland
Björn Friðbjófsson	Norðurland
Tómas Þóroddsson	Suðurland
Jakob Skúlason	Vesturland

Framkvæmdastjórn

Geir Þorsteinsson	Formaður
Guðrún Inga Sívertsen	
Gylfi Þór Orrason	
Jón Gunnlaugsson	
Róbert B. Agnarsson	

Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Geir Þorsteinsson	Formaður
Guðrún Inga Sívertsen	
Jónas Sigurðsson	
Ómar Einarsson	
Þórir Hákonarson	

Dómaranefnd

Gylfi Þór Orrason	Formaður
Ari Þórðarson	
Eyjólfur Ólafsson	
Guðmundur Heiðar Jónsson	
Kári Gunnlaugsson	
Þjetur Sigurðsson	
Þórarinn Gunnarsson	

Fjárhagsnefnd

Guðrún Inga Sívertsen	Formaður
Eggert Steingrímsson	
Þórir Hákonarson	

Fræðslunefnd

Ragnhildur Skúladóttir	Formaður
Guðni Kjartansson	
Jón Gunnlaugsson	
Sigurður Þórir Þorsteinsson	
Örn Ólafsson	

Laga- og leikreglanefnd

Þórarinn Gunnarsson	Formaður
Lúðvík S. Georgsson	
Guðmundur H. Pétursson	

Landsliðsnefnd karla

Jón Gunnlaugsson	Formaður
Lúðvík S. Georgsson	
Rúnar Arnarson	
Viðar Halldórsson	
Þorgrímur Þráinsson	

Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Guðrún Inga Sívertsen	Formaður
Erla Hendriksdóttir	
Laufey Sigurðardóttir	
Hanna Dóra Magnúsdóttir	
Ragnhildur Skúladóttir	

Landsliðsnefnd U21 karla

Jóhannes Ólafsson	Formaður
Jónas Þórhallsson	
Róbert B. Agnarsson	
Steinn Halldórsson	
Vignir Már Þormóðsson	

Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Vignir Már Þormóðsson	Formaður
Ingvar Guðjónsson	
Jóhann Torfason	
Ómar B. Stefánsson	
Sigurður Helgason	
Sigvaldi Einarsson	
Þórarinn Gunnarsson	

Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ragnhildur Skúladóttir	Formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir	
Íris Björk Eysteinsdóttir	
Jakob Skúlason	
Sigrún Ríkharðsdóttir	
Tómas Þóroddsson	

Mannvirkjanefnd

Lúðvík S. Georgsson	Formaður
Jón Runólfsson	
Kristján Ásgeirsson	
Rúnar Arnarson	
Þorbergur Karlsson	

Mótanefnd

Róbert B. Agnarsson	Formaður
Atli Þórsson	
Árni Ólason	
Björn Friðbjófsson	
Kolbrún Þorsteinsdóttir	
Sigvaldi Einarsson	
Þórarinn Gunnarsson	

Samninga- og félagaskiptanefnd

Lúðvík S. Georgsson	Formaður
Stefán Geir Þórisson	
Örn Gunnarsson	
Gísli Hall (til vara)	
Guðmundur H. Péturss. (til vara)	
Jóhann Albertsson (til vara)	

Útbreiðslunefnd

Vignir Már Þormóðsson	Formaður
Árni Ólason	
Björn Friðbjófsson	
Jakob Skúlason	
Jóhann Torfason	
Ómar B. Stefánsson	
Tómas Þóroddsson	
Trausti Hjaltason	
Valdemar Einarsson	

Útbreiðslunefnd landshluta

Árni Ólason	Formaður-Austurland
Adda Birna Hjálmarsdóttir	Austurland

Ársskýrsla KSÍ 2010

Útbreiðslunefnd landshluta (frh.)

Valdemar Einarsson	Austurland
Björn Friðbjólfsson	Formaður-Norðurland
Hanna Dóra Markúsdóttir	Norðurland
Ómar B. Stefánsson	Norðurland
Einar Friðbjólfsson	Formaður-Suðurland
Einar Jónsson	Suðurland
Jóna Björg Pálsdóttir	Suðurland
Tómas Þóroddsson	Suðurland
Jakob Skúlason	Formaður-Vesturland
Jóhann Torfason	Vesturland
Sigrún Ríkharðsdóttir	Vesturland

Sögunefnd

Ágúst Ingi Jónsson Formaður

Ásta B. Gunnlaugsdóttir

Ellert B. Schram

Halldór Einarsson

Jón Gunnlaugsson

Afmælisnefnd

Gylfi Þór Orrason Formaður

Kristinn Kjærnested

Róbert B. Agnarsson

Sigmundur Ó. Steinarsson

Þorsteinn Gunnarsson

Siðanefnd

Albert Eymundsson

Kristrún Heimisdóttir

Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)

Helgi Þorvaldsson (til vara)

Heilbrigðisnefnd

Sveinbjörn Brandsson Formaður

Einar Jónsson

Gauti Laxdal

Hjalti Kristjánsson

Hjörtur Þór Hauksson

Reynir Björn Björnsson

Stefán Stefánsson

Svala Helgadóttir

Þjálfaranefnd

Atli Eðvaldsson

Ásgeir Sigurvinsson

Eyjólfur Sverrisson

Guðjón Þórðarson

Guðni Kjartansson

Helena Ólafsdóttir

Jóhannes Atlason

Jörundur Áki Sveinsson

Logi Ólafsson

Ólafur Jóhannesson

Sigurður R. Eyjólfsson

Vanda Sigurgeirsdóttir

Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar

Guðrún Inga Sívertsen Formaður

Helga Friðriksdóttir

Hörður Guðbjörnsson

Kristín Arnþórsdóttir

Pétur Magnússon

Starfshópur um útbreiðslu Futsal

Rúnar Arnarson Formaður

Kári Kárason

Sigvaldi Einarsson

Aga- og úrskurðarnefnd

Kolbeinn Árnason Formaður

Gunnar Guðmundsson Varaformaður

Halldór Frímansson Varaformaður

Einar M. Árnason

Helgi R. Magnússon

Sigrún Óttarsdóttir

Sigurður Ingi Halldórsson

Þröstur Ríkharðsson

Áfrýjunardómstóll KSÍ

Sigurður G. Guðjónsson Forseti

Guðmundur Pétursson

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Brynjar Nielsson (til vara)

Guðmundur Þórðarson (til vara)

Hörður Felix Harðarson (til vara)

Jóhannes A. Sævarsson (til vara)

Lúðvík Örn Steinarsson (til vara)

Leyfisdomur KSÍ

Sveinn Jónsson Formaður

Elías Hergeirsson

Ragnar Gíslason

Rúnar Gíslason

Stefán Gunnlaugsson

Leyfisráð KSÍ

Lúðvík S. Georgsson Formaður

Guðmundur H. Pétursson

Stefán Bergsson

Eggert Steingrímsson

Örn Gunnarsson

Kjörnefnd

Gísli Gíslason Formaður

Steinn Halldórsson

Unnsteinn Jónsson

Kjörnir skoðunarmenn

Hannes Þ. Sigurðsson

Haukur Gunnarsson

Reynir Karlsson (til vara)

Elías Hergeirsson (til vara)

Kjörinn endurskoðandi

Björn Ingi Victorsson

Starfsfólk KSÍ

Þórir Hákonarson Framkvæmdastjóri

Birkir Sveinsson Mótastjóri

Dagur Sveinn Dagbjartsson Fræðslumál

Guðlaugur Gunnarsson Mótamál og U21 karla

Gunnar Gylfason Landsliðsmál

Jóhann G. Kristinsson Vallarstjóri

Klara Bjartmarz Skrifstofustjóri

Kristinn V. Jóhannsson Vallarstarfsmaður

Magnús Már Jónsson Dómarastjóri

Margrét Elíasdóttir Ritari

Ómar Smárason Leyfis- og markaðsstjóri

Pálmi Jónsson Fjármálastjóri

Ragnheiður Elíasdóttir Ritari

Sigurður R. Eyjólfsson Fræðslustjóri

Þorvaldur Ingimundarson Mótamál og vefur KSÍ

Tímabundnar ráðningar:

Einar Lars Jónsson Útbreiðslumál

Halldór Örn Kristjánsson Mótamál

Skýrsla landsliðsnefndar karla

Í nefndinni sátu Jón Gunnlaugsson, formaður, Lúðvík S. Georgsson, Rúnar Arnarson, Viðar Halldórsson og Þorgrímur Þráinsson. Með nefndinni störfuðu Þórir Hákonarson og Gunnar Gylfason. Ólafur Jóhannesson var landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar Pétur Pétursson og Bjarni Sigurðsson markvarðþjálfari. Læknar landsliðsins voru Sveinbjörn Brandsson og Gauti Laxdal, sjúkráþjálfarar þeir Stefán Hafþór Stefánsson og Friðrik Ellert Jónsson. Nuddari liðsins var Óðinn Svansson og búningastjóri Björn Gunnarsson.

Verkefni og leikmenn

Landsliðið lék á árinu 9 leiki, þrjá í undankeppni EM 2012 og sex vináttuleiki, þar af tvo á dögum utan alþjóðlegra leikdaga. Sigur vannst í tveimur leikjum, þremur lauk með jafntefli og fjórir leikir töpuðust. Í þessum níu leikjum léku 44 leikmenn. Arnór Sveinn Aðalsteinsson og Gunnleifur Gunnleifsson léku flesta leiki á árinu, eða 8 hvor, og Indriði Sigurðsson lék 7 leiki. Árni Gautur Arason lék sinn 70. landsleik á árinu og Heiðar Helguson sinn 50. leik. Þá léku 7 leikmenn sinn fyrsta A landsleik á árinu.

Vináttulandsleikir

Fyrsti leikurinn var gegn Kýpur í byrjun mars og var leikið í Larnaca. Markalaust jafntefli varð niðurstaðan þrátt fyrir góð færi á báða bóga og meðal annars átti íslenska liðið þrjú skot í tréverkið á kýpverska markinu en inn vildi boltinn ekki. Um miðjan mars voru leiknir tveir leikir utan alþjóðlegra leikdaga. Fyrst var leikið við Færeyinga í Kórnum og vannst 2-0 sigur með mörkum þeirra Matthíasar Vilhjálmssonar og Kolbeins Sigþórssonar. Fjórum dögum síðar var leikið við Mexíkó í Charlotte í BNA að viðstöddum rúmlega 63 þúsund áhorfendum og lauk leiknum með markalausum jafntefli. Í lok maí var leikið gegn Andorra á Laugardalsvöllum. Heiðar Helguson gerði 2 mörk og varamennirnir Kolbeinn Sigþórsson og Veigar Páll Gunnarsson sitt markið hvor í öruggum 4-0 sigri. Liechtenstein kom svo í heimsókn á Laugardalsvöllinn í ágúst og lauk þeim leik með 1-1 jafntefli. Mark Íslands skoraði Rúrik Gíslason í fyrri hálfleik en gestirnir jöfnuðu í þeim síðari. Síðasti vináttuleikur ársins var gegn Ísrael í Tel Aviv um miðjan nóvember. Heimamenn komust í 3-0 eftir 27 mínútur, en íslenska liðið kom til baka og minnkaði muninn með mörkum Alfreðs Finnbogasonar og Kolbeins Sigþórssonar í síðari hálfleik og fengu færi til að jafna leikinn, sem nýttust því miður ekki.

Undankeppni EM 2012

Fyrsti leikur nýrrar undankeppni var gegn Norðmönnum á heimavelli. Íslenska liðið lék mjög vel í fyrri hálfleik og var með verðskuldaða forystu í hálfleik með marki Heiðars Helgusonar. Því miður gekk ekki eins vel í síðari hálfleik og Norðmenn gengu á lagið, skoruðu tvisvar og tryggðu sér 2-1 sigur í leiknum. Fjórum dögum síðar var leikið gegn Dönum á Parken. Íslenska liðið lék afar vel í leiknum og gaf Dönum lítið eftir. Slyslegt mark í uppbótartíma var það sem skildi liðin að, 1-0 fyrir Dani. Í október komu Portúgalar á Laugardalsvöllinn. Marga leikmenn sem leikið höfðu leikina á undan vantaði í íslenska liðið því þeir léku með U21 landsliðinu á sama tíma. Portúgalir komust yfir snemma leiks en Heiðar jafnaði um miðjan fyrri hálfleik. Gestirnir komust aftur yfir skömmu síðar og tryggðu sér svo 3-1 sigur í síðari hálfleik.

Lokaorð

Landsliðið lék níu landsleiki á árinu. Tveir þeirra, gegn Færeyjum og Andorra, unnust og leikjum gegn Kýpur, Mexíkó og Liechtenstein lauk með jafntefli. Aðrir leikir töpuðust, þ.e. leikirnir gegn Noregi, Danmörku og Portúgal og síðan æfingaleikur gegn Ísrael. Í heildina eru úrslit leikjanna á þessu starfsári misjöfn, í nokkrum þeirra eru þau viðunandi en öðrum ekki. Það eru mest vonbrigði að ná ekki stigi úr fyrstu þremur leikjunum í undankeppni EM 2012. Leikirnir gáfu tilefni til betri útkomu og voru á margan hátt vel leiknir. Í þeim æfingaleikjum sem leiknir voru var haldið áfram að gefa ungum og efnilegum leikmönnum tækifæri og árangur í þeim leikjum var yfirleitt ágætur þó vonbrigði leyndu sér ekki inn á milli. Margir komu að starfi landsliðsins á árinu eins og áður. Sérstaklega vil ég þakka Ólafi Jóhannessyni landsliðsþjálfara og hans aðstoðarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf, Gunnari Gylfasyni starfsmanni landsliðsnefndar og félögum mínum í landsliðsnefnd. Þóri Hákonarsyni framkvæmdastjóra KSÍ og öðru starfsfólki hans er einnig þökkud þeirra aðkoma að starfi landsliðsins.

Jón Gunnlaugsson, formaður

Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Jóhannes Ólafsson, formaður, Róbert Agnarsson, Steinn Halldórsson, Jónas Þórhallsson og Vignir Þormóðsson. Starfsmaður nefndarinnar var Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins var Eyjólfur Sverrisson, aðstoðarþjálfari Tómas Ingi Tómasson, læknir Hjalti Kristjánsson, sjúkrþjálfari Róbert Magnússon og Lúðvík Jónsson er liðsstjóri.

Undankeppni EM 2011

Liðið lék þrjá leiki í undankeppni EM á árinu gegn Þýskalandi ytra og heima og gegn Tékkum ytra. Leikið var gegn Evrópumeisturum Þjóðverja á MDCC-Arena í Magdeburg 2. mars. Þjóðverjar voru með mjög sterkt lið og nánast allir leikmenn liðsins eru á mála hjá félögum í þýsku Bundesligunni. Þjóðverjar komust yfir á 10. mínútu en strákarnir jöfnuðu leikinn 3 mínútum síðar. Bæði lið skiptust á að sækja eftir það í fyrri hálfleiknum án þess að skora. Sama var uppi á teningnum í síðari hálfleik, en Þjóðverjarnir komust svo yfir á 50. mínútu. Strákarnir sýndu þá gífurlegan karakter og náðu að jafna leikinn aftur. Mikil pressa var svo á íslenska liðið síðustu mínúturnar og m.a. var bjargað tvisvar á línu. Mörk Íslands í leiknum skoruðu Kolbeinn Sigþórsson og Bjarni Þór Viðarsson.

Annar leikur ársins var seinni leikur Íslands og Þýskalands. Leikið var 12. ágúst á Kaplakrikavelli. Leikurinn var úrslitaleikur fyrir Evrópumeistara Þjóðverja sem þurftu að vinna alla sína leiki til að eiga möguleika á að komast í úrslitakeppnina. Mikil stemmning var fyrir þennan mikilvæga leik því með íslenskum sigri sá liðið fram á að möguleiki væri fyrir Ísland á að komast í úrslitakeppnina í fyrsta skipti. Þrjú þúsund og tvö hundruð áhorfendur sáu Ísland fara á kostum. Íslenska liðið var sterkari aðilinn í leiknum og leiddi 1-0 í hálfleik með marki Birkis Bjarnasonar á 5. mínútu. Þjóðverjarnir jöfnuðu á 49. mínútu seinni hálfleiks og héldu þá margir að þeir myndu klára leikinn. Strákarnir voru á öðru máli og eins og í leiknum ytra svöruðu þeir strax fyrir sig, en að þessu sinni með mörkum frá Gylfa Þór Sigurðssyni og Kolbeini Sigþórssyni á 53. og 54. mínútu. Alfreð Finnbogason bætti svo fjórða markinu við áður en yfir lauk. Leiknum lauk því með verðskulduðum 4-1 sigri.

Síðasti leikurinn í undankeppninni var gegn Tékkum ytra. Leikið í Jablonec. Staðan í öðrum riðlum var þannig að ef Ísland ætlaði að vera öruggt í úrslitakeppni EM þá varð liðið að fá a.m.k. eitt stig úr leiknum, ef það næðist ekki varð að treysta á úrslit annarra leikja. Margir leikmenn liðsins höfðu þegar hér var komið náð að spila sig inn í A-landslið karla og því ljóst að nýir leikmenn yrðu að taka við keflinu. Frá fyrstu mínútu leiksins var á brattann að sækja og ljóst að liðinu vantaði samæfingu. Tékkarnir komust í 3-0 áður en Ísland minnkaði muninn með marki Alfreðs Finnbogasonar. Eftir því sem leið á leikinn náði liðið betur saman og hefði undir lok leiksins með smá heppni náð að minnka muninn enn frekar. Eftir leikinn tóku við nokkrar spennandi mínútur þar sem allir leikir síðustu umferðarinnar fóru fram á sama tíma og þegar upp var staðið kom í ljós að þrátt fyrir tap var Ísland komið í umspilsleiki um sæti í úrslitakeppni EM vegna einstaklega hagstæðs markamunar. Var liðið með 18 mörk í plús og flest skoruð mörk allra liða í keppninni, 29 talsins.

Umspilsleikir EM 2011

Dregið var til umspilsleikja EM 2009/2011 í Herning í Danmörku í september. Ísland, sem var í öðru sæti síns riðils, yrði dregið á móti liði sem var í fyrsta sæti síns riðils. Dróst liðið gegn Skotum og yrði fyrri leikurinn á Íslandi og sá síðari ytra. Valdir voru 23 leikmenn í báða leikina og þar sem fyrri leikurinn fór fram 7. október hófust æfingar þeirra leikmanna sem voru á landinu 1. október en Íslandsmótinu lauk 25. september og því nauðsynlegt að halda mönnum í æfingu.

Fyrri leikur liðanna fór fram fyrir framan 7.255 áhorfendur á Laugardalsvelli. Íslenska liðið byrjaði vel og var það gegn gangi leiksins þegar Skotar náðu forystu á 19. mínútu. Íslensku strákarnir létu þetta ekki á sig fá og jafnaði Jóhann Berg Guðmundsson leikinn sex mínútum síðar með skoti fyrir utan teig. Íslendingar spiluðu mun betur en Skotarnir það sem eftir lifði leiksins. Almarr Ormarsson skoraði svo sigurmark Íslands á 78. mínútu með skoti af um 30 metra færi. Fögnuðu leikmenn úrslitunum vel þó munurinn fyrir seinni leikinn væri ekki mikill og ljóst að liðið yrði að leika vel í Skotlandi.

Seinni leikurinn fór fram á Easter Road í Edinborg fyrir framan rúmlega 12 þúsund áhorfendur sem studdu sína menn vel. Skotarnir mættu mjög ákveðnir til leiks og sóttu stíft að marki Íslendinga án þess að skapa sér verulega góð færi utan einu sinni, en þá áttu Skotar þrjú skot að marki sem endaði

með því að bjargað var á línu. Var þetta í raun eina skiptið sem Skotar ógnuðu marki Íslands að ráði. Íslendingar áttu þó sínar skyndisóknir sem enduðu oft með skoti á markið og þegar upp var staðið í fyrri hálfleik þá hafði Ísland átt fleiri skot á markið en Skotarnir. Það sama var uppi á teningnum í síðari hálfleik. Skotarnir sóttu án þess að skapa sér færi enda íslenska vörnin sterk. Beitt var skyndisóknum og á 74. mínútu skoraði Gylfi Þór Sigurðsson, en Skotarnir jöfnuðu á sömu mínútu með skoti frá miðju þegar leikur var hafinn að nýju eftir mark Íslands. Það var svo á 80. mínútu sem Gylfi skoraði sitt annað mark með skoti af 30 metra færi og tryggði Íslandi farseðillinn í lokakeppnina.

Lokakeppni EM 2011

Dregið var í riðla í lokakeppninni í nóvember. Ísland kemur til með að leika í A-riðli með Danmörku, Sviss og Hvíta-Rússlandi og fer fyrsti leikurinn fram 11. júní í Árósum en hinir tveir leikirnir fara fram 14. og 18. júní í Álaborg. Liðin í B-riðli eru England, Spánn, Tékkland og Úkraína. Verði lið Íslands og Englands í einu af fjórum efstu sætunum þá tryggir liðið sér sæti á Ólympíuleikunum 2012. Það er því verðugt verkefni og mikil áskorun fyrir leikmenn og alla þá sem að þessu liði koma að stefna á Ólympíusæti.

Leikmenn

Þrjátíu leikmenn tóku þátt í leikjunum fimm á árinu. Bjarni Þór Viðarson var eini leikmaðurinn sem náði að vera í byrjunarliði alla leiki ársins auk þess að vera fyrirliði alla leikina, en hann hefur spilað 22 leiki í U21 og er því leikjahæsti leikmaðurinn í þessum aldursflokki. Á eftir honum kemur Birkir Bjarnason sem hefur leikið 21 leik fyrir U21 liðið.

Lokaorð

Ljóst er að framtíð Íslands er björt með þessum leikmönnum sem munu skipa okkar A-landslið næstu ár. Það er því mikil tilhlökkun að fara með þetta lið í úrslit EM U21 í Danmörku í júní 2011. Þarna öðlast þeir mikilvæga reynslu við að spila í úrslitakeppni sem mun gera þá að betri leikmönnum og auglýsa íslenska leikmenn og íslenska knattspyrnu. Að lokum vil ég þakka leikmönnum, þjálfurum, lækni, sjúkraþjálfurum og liðsstjórum samstarfið þetta tímabilið. Einnig samstarfsmönnum mínum í nefndinni svo og starfsmönnum KSÍ fyrir ánægjulegt samstarf.

Jóhannes Ólafsson, formaður

Skýrsla unglínganefndar karla

Nefndina skipuðu Vignir Már Þormóðsson, formaður, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason, Ómar Bragi Stefánsson, Sigurður Helgason, Sigvaldi Einarsson og Þórarinn Dúi Gunnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason. Starfssvið nefndarinnar er sem fyrr umsjón með drengja- og unglíngalandsliðum Íslands. Gunnar Guðmundsson var þjálfari U17 landsliðsins, Kristinn Rúnar Jónsson þjálfari U19 landsliðsins og Freyr Sverrisson hafði umsjón með verkefnum U16, úrtökumóti og knattspyrnskólanum ásamt því að vera Gunnari til aðstoðar í verkefnum U17 landsliðsins. Ólafur Ólafsson var aðstoðarþjálfari U19, liðsstjórar liðanna voru Gunnlaugur Hreinsson hjá U17 og Ragnar Bogi Petersen hjá U19. Læknar í ferðum liðanna voru Hjörtur Brynjólfsson og Þórir Sigmundsson og sjúkraþjálfarar Gunnar Örn Ástráðsson og Rúnar Pálmarsson.

U17 - Leikmenn fæddir 1994 og síðar

Verkefni þessa liðs voru með hefðbundnu sniði, Norðurlandamót í ágúst og undankeppni Evrópumótsins í september.

Opna Norðurlandamótið

Mótið var að þessu sinni haldið í Finnlandi 3.-8. ágúst og var íslenska liðið í B-riðli ásamt Englandi, Danmörku og Finnlandi. Fyrsti leikurinn var gegn Dönum. Eftir markalausan fyrri hálfleik skoruðu Danirnir 3 mörk í þeim síðari og unnu öruggan sigur. Annar leikurinn var gegn heimamönnum sem leiddu 1-0 í leikhléi. Íslensku strákarnir komu svo sterkir inn í seinni hálfleikinn og tryggðu sér 1-2 sigur með mörkum frá Fjalari Erni Sigurðarsyni og Arnari Aðalgeirssyni. Lokaleikurinn í riðlinum var

gegn Englendingum. Um var að ræða hörkuleik hjá strákunum og besta leik liðsins til þessa í mótinu. Staðan var markalaus í leikhléi en Englendingar komust yfir í byrjun seinni hálfleiks. Oliver Sigurjónsson jafnaði metin á 56. mínútu, en þegar örfáar sekúndur voru í að flautað var til leiksloka tryggðu Englendingar sér 2-1 sigur, mikil vonbrigði eftir góðan leik strákanna. Englendingar unnu riðilinn með fullu húsi stiga, Danir hlutu 4 stig, Íslendingar 3 og Finnar 1. Strákarnir mættu Skotum í leik um 5. sætið. Eftir venjulegan leiktíma var staðan 1-1 og jafnaði Hjörtur Hermannsson úr vítaspyrnu þegar skammt var eftir af leiknum. Var þá gripið til vítaspyrnukeppni, sem var löng og ströng en strákarnir fóru með sigur af hólmi, 7-6. Finnar unnu Færeyinga í leik um 7. sætið, Norðmenn Dani í leik um 3. sætið og Englendingar unnu Svía í úrslitaleiknum.

Undankeppni EM

Riðill Íslands í undankeppni Evrópumótsins var leikinn hér á landi seinni part september og voru mótherjarnir Tékkar, Tyrkir og Armenar. Fyrsti leikurinn var gegn Tékkum á Laugardalsvelli. Fyrri hálfleikurinn var markalaus en Tékkar byrjuðu síðari hálfleikinn betur og skoruðu tvö mörk snemma hálfleiksins. En þá tóku íslensku strákarnir við sér og þeir Ragnar Bragi Sveinsson og Oliver Sigurjónsson jöfnuðu metin með mörkum á fjögurra mínútna kafla. Síðustu tíu mínúturnar dugðu hinsvegar Tékkum til þess að skora tvö síðustu mörkin, það síðara út vítaspyrnu í uppbótartíma. Í hinum leik dagsins unnu Tyrkir Armena 3-0 á KR-velli. Annar leikur íslenska liðsins var gegn Tyrkjum á Víkingsvelli. Markalaust var í leikhléi og leikurinn heldur tíðindalíttill í fyrri hálfleiknum en það breyttist í síðari hálfleiknum því strax eftir fjórar mínútur fékk einn leikmanna Tyrkja að líta rauða spjaldið. Íslensku strákarnir færðu sér það í nyt á 57. mínútu þegar Hjörtur Hermannsson skoraði með skalla. Það var gríðarlega hart barist á leikvöllinum og á 74. mínútu fékk annar leikmaður Tyrkja rauða spjaldið. Lokamínúturnar voru æsispennandi því að gestirnir gáfust ekki upp og freistuðu þess að jafna metin. Þegar þrjár mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma fengu Íslendingar svo vítaspyrnu sem Oliver Sigurjónsson nýtti og glæsilegur sigur íslensku strákanna í höfn. Á sama tíma gerðu Tékkar og Armenar jafntefli 1-1 á Akranesi. Fyrir síðasta leikinn, gegn Armenum á Keflavíkurvelli, var ljóst að sigur myndi tryggja íslenska liðinu sæti í milliriðlum og jafntefli gæti dugað, en sigur gæti einnig dugað Armenum. Ragnar Bragi Sveinsson kom íslensku strákunum yfir strax á 2. mínútu leiksins. Gestirnir gáfust ekki upp og jöfnuðu metin tíu mínútum síðar. Baráttan í seinni hálfleik var sú sama en eina mark hálfleiksins kom á 53. mínútu þegar íslenska liðið fékk vítaspyrnu. Úr henni skoraði Oliver Sigurjónsson, sitt þriðja mark í þremur leikjum. Reyndist þetta sigurmark leiksins og þegar dómariinn flautaði til leiksloka braust út mikill fögnuður hjá íslensku strákunum. Tyrkir unnu Tékkka á sama tíma 6-1 og hlutu því 6 stig eins og íslenska liðið og bæði liðin komin áfram í milliriðil. Tékkar hlutu 4 stig í 3. sæti sem dugði þeim einnig í milliriðil sem annað tveggja liða með bestan árangur í 3. sæti undanriðlanna og Armenar ráku lestina með 1 stig. Í nóvember var dregið í milliriðla og dróst íslenska liðið í riðil með Ungverjum, Rússum og Rúmenum og verður leikið í Ungverjalandi í lok mars.

U19 – Leikmenn fæddir 1992 og síðar

Vináttulandsleikir

Liðið lék tvo vináttuleiki við Norður-Íra hér á landi um miðjan september og töpuðust þeir báðir. Fyrri leikurinn var leikinn í Sandgerði. Lokatölur urðu 2-5 fyrir Norður-Íra eftir að staðan hafði verið jöfn í leikhléi, 2-2. Það voru þeir Hörður Björgvin Magnússon og Styrmir Árnason sem skoruðu mörk Íslands í þessum leik og jöfnuðu þá leikinn í tvígang. Síðari leikurinn var á Fylkisvelli og tryggðu gestirnir sér sigurinn úr vítaspyrnu á lokamínútunum.

Undankeppni Evrópumótsins

Íslenska liðið var í riðli með Wales, Tyrklandi og Kasakstan og var riðilinn leikinn í Wales í október. Fyrsti leikurinn var gegn Kasakstan og vann íslenska liðið öruggan sigur þar sem grunnurinn var lagður strax í fyrri hálfleik. Ólafur Karl Finsen kom strákunum yfir á 13. mínútu. Andri Rafn Yeoman jók muninn á 24. mínútu og Guðmundur Þórarinsson skoraði þriðja markið úr vítaspyrnu á 33. mínútu. Ólafur Karl bætti svo við sínu öðru marki og fjórða marki Íslendinga í síðari hálfleik og öruggur sigur því í höfn. Annar leikurinn var gegn heimamönnum sem unnu 2-1 sigur eftir að Íslendingar höfðu leitt í leikhléi. Guðmundur Þórarinsson kom Íslendingum yfir á 35. mínútu með marki úr vítaspyrnu. Jöfnunarmark Wales kom einnig úr vítaspyrnu, á 56. mínútu, og sigurmarkið kom svo 10 mínútum fyrir leikslok. Íslensku strákunum tókst ekki að jafna metin þrátt fyrir ágætis tilraunir í lokin og heimamenn fögnuðu sigri. Þriðji og síðasti leikurinn var gegn Tyrkjum. Fyrir leikinn var ljóst að sigur

myndi tryggja íslenska liðinu sæti í milliriðlum. Markalaust var eftir fyrri hálfleikinn, en Kristján Gauti Emilsson kom Íslendingum yfir eftir þriggja mínútna leik í síðari hálfleik. Tyrkir jöfnuðu á 57. mínútu og aðeins mínútu síðar fékk Tómas Guðmundsson að líta rauða spjaldið og íslenska liðið lék því manni færri sem eftir lifði leiks. Strákarnir gáfust þó ekki upp og lögðu allt í sölurnar til þess að tryggja sigurinn. Það tókst ekki og þegar fjórar mínútur höfðu verið leiknar í uppbótartíma skoruðu Tyrkir sigurmarkið og tryggðu sér efsta sætið í riðlinum og komust áfram í milliriðla ásamt Wales. Íslenska liðið varð í 3. sæti riðilsins með 4 stig (og með 4. besta árangur liðs í þriðja sæti og komst því ekki í milliriðla). Kasakstan rak lestina án stiga.

U19 – Leikmenn fæddir 1993 og síðar

Liðið tók þátt í æfingamóti í Svíþjóð síðari hluta júlímánaðar ásamt Svíum, Norðmönnum og Walesbúum. Fyrst var leikið gegn Wales. Íslensku strákarnir fóru með sigur af hólmi, 2-1. Staðan í leikhléi var 1-1 en það voru Walesverjar sem komust yfir á 35. mínútu. Ingólfur Sigurðsson jafnaði metin úr vítaspyrnu aðeins þremur mínútum síðar. Eftir aðeins tveggja mínútna leik í síðari hálfleik var Ingólfur aftur á ferðinni og aftur skoraði hann úr vítaspyrnu. Annar leikurinn var gegn Svíum. Lokatölur urðu 4-1 fyrir heimamenn eftir að staðan hafði verið 2-0 í leikhléi. Það var Hörður Björgvin Magnússon sem að skoraði mark Íslands úr vítaspyrnu. Norðmenn voru andstæðingarnir í lokaleiknum. Unnu Norðmenn 2-0 sigur eftir að þeir höfðu leitt með einu marki í leikhléi.

Úrtökumót

Úrtökumót KSÍ fór að venju fram að Laugarvatni um miðjan ágúst og hafði Freyr Sverrisson umsjón með mótinu og honum til aðstoðar voru þeir Vilberg Jónasson, Davíð Jónasson og Mark Duffield. Líkt og undanfarin áru tóku 64 drengir víðs vegar af landinu þátt og munu þeir mynda U17 landsliðið á þessu ári.

Lokaorð

Það var afar ánægjulegt að U17 ára liðið náði takmarki sínu og komst áfram í milliriðil EM og ekki síst að það gerðist hér heima á Íslandi. Heimavöllurinn hefur ekki alltaf nýst okkur sem skyldi hingað til í undankeppnum sem þessum en nú var breyting á. Drengjanna bíður síðan verðugt verkefni í Ungverjalandi í marslok og er undirbúningur þegar hafinn. Litlu munaði að U19 ára liðið kæmist áfram í milliriðil, en minnstu mistök og einbeitingarskortur kosta stundum mikið. Riðillinn í Wales var spilaður óvenju seint í október og hafði það kosti og galla í för með sér, betri tími var til undirbúnings en á móti höfðu flest allir leikmenn liðsins ekki spilað alvöru leik í fjórar vikur þegar kom að fyrsta leik.

Á árinu 2010 hafa verið haldnar 56 æfingar hjá yngri landsliðunum og til þeirra boðaðir alls 273 leikmenn fæddir 1992-1995 úr 45 íslenskum félögum. Er ég ánægður með hversu margir leikmenn hafa verið skoðaðir og fengið möguleikann á að sýna getu sína. Einnig hafa þjálfarar verið duglegir að fylgjast með drengjum hjá þeirra félagsliðum í keppni. Þessar tölur sýna umfangsmikið starf landsliðanna þó það sé alltaf til endurskoðunar með það að markmiði að gera betur. Nú hefur verið tillaga í móttun í þessum efnum sem byggir á fleiri landsliðum, auknum æfingum og fleiri landsleikjum en allt kostar það jú peninga, eitthvað sem ekki er of mikið til af þessi misserin en stjórn Knattspyrnusambandsins verður líka að svara þeirri spurningu hvort ekki sé kominn til að efla þetta starf enn frekar þó það kosti jafnvel einhvern samdrátt annars staðar.

Verkefni ársins 2011 eru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Auk þess að spila í milliriðlinum í Ungverjalandi þá tekur U17 þátt í Norðurlandamótinu í ágúst og undanriðli EM í október. Að þessu sinni fer Norðurlandamótið fram á Íslandi, nánar tiltekið á Norðurlandi. Keppnisliðin koma til með að dvelja á Akureyri þessa viku en spilað verður á Húsavík, Sauðarkróki, Ólafsfirði, Akureyri og Dalvík. Undanriðill Evrópukeppninnar verður spilaður í Ísrael og eru andstæðingar okkar, auk heimamanna, Sviss og Grikkland. U19 ára liðið leikur í undanriðli Evrópukeppninnar á Kýpur í lok október, en andstæðingar okkar þar eru auk heimamanna frændur okkar Norðmenn og vinir okkar Lettar. Stefnt er einnig að tveimur æfingaleikjum hjá liðinu í haust til undirbúnings Evrópukeppninnar. Annað U19 lið, skipað leikmönnum ári yngri en hið fyrrnefnda, heldur til Svíþjóðar á æfingamót í júlí. Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, sjúkrapjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

Vignir Már Þormóðsson, formaður

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2010: Guðrún Inga Sívertsen formaður, Erla Hendriksdóttir, Hanna Dóra Markúsdóttir, Laufey Sigurðardóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna, en verkefni ársins voru fjórir vináttuleikir á Algarve Cup og undankeppni HM 2011. Sigurður Ragnar Eyjólfsson var landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar var Guðni Kjartansson. Markmannsþjálfarar voru Nathan Kipp, Guðmundur Hreiðarsson og Þórður Þórðarson. Læknar liðsins voru Reynir Björn Björnsson og Hannes Hrafnkelsson. Sjúkraþjálfari var Svala Helgadóttir og liðsstjóri var Margrét Ákadóttir.

Fyrsta verkefni ársins var Algarve Cup. Fyrsti leikur liðsins á mótinu var gegn Bandaríkjunum þar sem við töpuðum 0-2 en fórum illa með mörg dauðafæri, meðal annars tvær vítaspyrnur. Annar leikur liðsins var gegn Svíþjóð og tapaðist sá leikur 1-5, en Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði mark Íslands. Þriðji leikur liðsins, gegn Noregi, tapaðist 2-3 og skoruðu þær Margrét Lára Viðarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir mörk Íslands. Íslenska liðið lék því um 9.-10. sæti mótsins við Portúgal og sigraði örugglega 3-0 með mörkum þeirra Hólmfríðar Magnúsdóttur, Ólínu Guðbjargar Viðarsdóttur og Dóru Maríu Lárúsdóttur.

Í lok mars var röðin síðan komin að tveimur leikjum í undankeppni HM. Leikið var gegn Serbíu og Króatíu ytra. Fyrri leikurinn var gegn Serbíu þar sem Hólmfríður Magnúsdóttir fór fyrir íslenska liðinu og skoraði tvö mörk í 2-0 sigri. Seinni leikurinn í ferðinni var gegn Króatíu og sigraði íslenska liðið örugglega í leiknum, 3-0. Mörk Íslands í leiknum skoruðu þær Katrín Jónsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir og Rakel Logadóttir.

Í júní voru leiknir tveir heimaleikir í undankeppni HM. Fyrri leikurinn var gegn Norður-Írum og vann Ísland 2-0 með mörkum þeirra Söru Bjarkar Gunnarsdóttur og Katrínar Jónsdóttur. Síðari leikurinn var gegn Króatíu og þar skoraði Hólmfríður Magnúsdóttir tvö mörk og Katrín Jónsdóttir eitt mark í 3-0 sigri. Þriðji heimaleikur sumarsins var gegn Frökkum í ágúst. Íslenska liðið þurfti að vinna leikinn 3-0 til að tryggja sér sæti í umspili fyrir úrslitakeppni HM. Skemmst er frá því að segja að það tókst ekki og unnu Frakkar leikinn 1-0. Síðasti leikur í undankeppni HM var gegn Eistlandi ytra í lok ágúst. Íslenska liðið kláraði riðlakeppnina með öruggum 5-0 sigri þar sem þær Margrét Lára Viðarsdóttir (2 mörk), Sara Björk Gunnarsdóttir (2 mörk) og Edda Garðarsdóttir skoruðu mörk Íslands.

Tímamótaleikir

Nokkrir nýliðar stigu sín fyrstu skref með A landsliðinu á starfsárinu. Það voru þær Berglind Björg Þorvaldsdóttir, Dagný Brynjarsdóttir, Elínborg Ingvarsdóttir, Mist Edvarðsdóttir og Thelma Björk Einarsdóttir, en þær léku allar sína fyrstu leiki á Algarve Cup. Þá léku þær Sara Björk Gunnarsdóttir og Rakel Hönnudóttir sína 25. landsleiki á mótinu. Katrín Jónsdóttir fyrirliði A landsliðs kvenna lék sinn 100. landsleik á árinu, gegn Króatíu 22. júní. Hún er fyrsta landsliðskonan sem nær þessum áfanga og jafnframt annar leikjahæsti A landsliðsleikmaður frá upphafi. Katrín lék sinn fyrsta landsleik 9. maí 1997 og hefur hún alls leikið 140 landsleiki fyrir Ísland og skorað í þeim 19 mörk. Sif Atladóttir lék sinn 25. landsleik gegn Frakklandi 21. ágúst.

Lokaorð

Þeim sem hafa staðið þétt við bakið á liðinu á árinu eru þökkuð góð störf. Þar ber helst að nefna fasta starfsmenn liðsins, Sigurð Ragnar, Guðna, Guðmund, Svölu, Reyni og Margréti. Einnig ber að þakka starfsmönnum á skrifstofu KSÍ sem voru ávallt reiðubúnir til að aðstoða sem og öðrum þeim sem greiddu götu okkar á árinu.

Samstarfsfólki mínu í landsliðsnefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu er þakkað fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Síðast en ekki síst er leikmönnum íslenska liðsins þakkað ómetanlegt framlag til íslenskrar knattspyrnu.

Guðrún Inga Sívertsen, formaður

Skýrsla unglínganefndar kvenna

Unglínganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2010: Ragnhildur Skúladóttir, formaður, Ásta B. Gunnlaugsdóttir, Íris Björk Eysteinsdóttir, Jakob Skúlason, Sigrún Ríkharðsdóttir og Tómas Þóroddsson. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk unglínganefndar kvenna er umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna. Ólafur Þór Guðbjörnsson var þjálfari U19 og honum til aðstoðar var Úlfar Hinriksson. Þorlákur Árnason var þjálfari U17 og honum til aðstoðar var Bóel Kristjánsdóttir. Þá var Ólafur Pétursson markmannsþjálfari liðanna. Sjúkraþjálfarar voru þær Sólveig Þórarinsdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Elínborg Bárðardóttir, Hjördís Smith, Hjörtur Þór Hauksson og Sigurbjörn Björnsson voru lækna liðanna. Liðsstjórar voru þær Ásta B. Gunnlaugsdóttir hjá U19 og Sigríður Fanney Pálsdóttir hjá U17.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1991 og síðar

Í apríl lék U19 landslið kvenna í milliriðlum EM og fór riðill Íslands fram í Sochi í Rússlandi. Óhætt er að segja að aðstæður hafi verið frábrugðnar því sem leikmenn íslenska liðsins eiga að venjast, gríðarlegur hiti, og setti það strík í reikninginn þegar leið á mótið. Íslenska liðið byrjaði vel með 3-2 sigri á Spánverjum með mörkum þeirra Berglindar Bjargar Þorvaldsdóttur og Þórdísar Hrannar Sigfúsdóttur (2 mörk). Annar leikur liðsins var gegn heimamönnum, Rússum og töpuðum við leiknum naumlega 0-1. Þriðji leikur liðsins var lykilleikur fyrir okkar lið. Með hagstæðum úrslitum í hinum leik riðilsins hefði sigur gegn Tékkum skilað íslenska liðinu í úrslitakeppni EM. Úrslit í hinum leiknum féllu með okkur en það dugði ekki til, orka íslenska liðsins var þrotin og töpuðum við 1-2 fyrir Tékkum á sama tíma. Mark Íslands í leiknum gerði Katrín Ásbjörnsdóttir.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1992 og síðar

Seinni partinn í júlí héldu yngri landslið kvenna til Færeyja og léku þar gegn heimamönnum. Fyrri leikur U19 kvenna var leikinn í Klaksvík þann 24. júlí og sigraði íslenska liðið örugglega í leiknum, 6-0. Mörk Íslands í leiknum gerðu þær Berglind Björg (4 mörk), Katrín Ásbjörnsdóttir og Hildur Sif Hauksdóttir. Síðari leikurinn var 25. júlí og í þetta sinn vann Ísland 7-0. Mörkin gerðu þær Berglind Björg (3 mörk), Sara Hrund Helgadóttir, Telma Ólafsdóttir, Sigrún Ella Einarsdóttir og Fjolla Shala.

Í september lék liðið í undankeppni EM við frábærar aðstæður í Búlgaríu. Fyrsti leikur liðsins var gegn Búlgaríu og vann Ísland 2-0 sigur með tveimur mörkum Berglindar Bjargar. Annar leikur liðsins var gegn Ísrael og aftur var 2-0 sigur Íslands niðurstaðan. Að þessu sinni voru þær Katrín Ásbjörnsdóttir og Sigrún Ella á skotskónum. Lokaleikur riðilsins var gegn Úkraínu og innsiglaði Ísland þar sigur sinn í riðlinum og þátttöku í milliriðlum EM voru 2011 með því að vinna leikinn 4-0. Mörk Íslands skoruðu þær Berglind Björg (2 mörk), Arna Sif Ásgrímsdóttir og Katrín Gylfadóttir. Íslenska liðið leikur í milliriðlum um mánaðamótin mars/apríl 2011 í Wales og með Íslandi í riðlinum eru landslið Tyrklands, Þýskalands og Wales.

U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1993 og síðar

Haustið 2011 hefst forkeppni fyrir EM U19 kvenna 2012. Leikið verður á heimavelli í september 2011 og gestir okkar verða landslið Kasakstan, Slóveníu og Wales.

U17 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1994 og síðar

Í byrjun júlí fór fram Norðurlandamót stúlkna í Danmörku. Íslenska liðið byrjaði með góðum 1-0 sigri á Finnlandi með marki frá Guðmundu Brynju Óladóttur. Næsti leikur liðsins var gegn Þýskalandi og tapaði íslenska liðið naumlega 0-1 í miklum baráttuleik. Þriðji leikur liðsins var glæsilegur sigurleikur gegn Svíum, 3-2. Þar skoruðu þær Guðmundu Brynja, Aldís Kara Lúðvíksdóttir og Hildur Antonsdóttir. Íslenska liðið lék því um þriðja sætið í mótinu gegn Noregi og tapaði þeim leik naumlega 1-2. Mark Íslands í leiknum skoraði Aldís Kara. Niðurstaðan var því fjórða sæti í Norðurlandamótinu og gaf það góð fyrirheit fyrir komandi átök.

Seinni partinn í júlí voru leiknir tveir leikir við Færeyjar og var U17 liðið á skotskónum í þeim leikjum eins og U19 ára liðið. Ísland sigraði í fyrri leiknum 8-0 og skoruðu þær Glódís Perla Viggósdóttir, Elín Metta Jensen (3 mörk), Huguína Elvarsdóttir (2 mörk) og Svava Rós Guðmundsdóttir (2 mörk). Síðari leikinn vann íslenska liðið 7-0. Þar skoruðu þær Rakel Lind Ragnarsdóttir, Elín Metta (4 mörk), Svava Rós og Huguína Elvarsdóttir.

Líkt og U19 lék U17 í undankeppni EM í Búlgaríu. Íslenska liðið hélt uppteknum hætti í markaskorun og vann Litháen 14-0 í sínum fyrsta leik í riðlinum. Þar skoruðu þær Aldís Kara (3 mörk), Guðmunda Brynja (3 mörk), Telma Þrastardóttir (2 mörk), Hildur Antonsdóttir, Glódís Perla (2 mörk), Rakel Ýr Einarsdóttir, Elín Metta og Hugrún Elvarsdóttir. Annar leikur íslenska liðsins var gegn Búlgaríu og vann Ísland 10-0 að þessu sinni. Mörk Íslands skoruðu þær Aldís Kara (2 mörk), Telma, Eva Núra Abrahamsdóttir, Lára Einarsdóttir, Guðmunda Brynja (3 mörk) og Hildur (2 mörk). Lokaleikur riðilsins var gegn liði Ítalíu sem fyrirfram var álitid sigurstranglegast í riðlinum. Íslenska liðið hélt uppteknum hætti, lagði Ítala örugglega 5-1 með mörkum frá Aldísi Köru (4 mörk) og Telmu og tryggði sér þannig sæti í milliriðlum EM sem fram fara í Póllandi 2011. Í riðlinum eru auk Íslands, Pólland, Svíþjóð og England.

U17 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1995 og síðar

Haustið 2011 hefst forkeppni fyrir EM U17 kvenna 2012. Leikið verður í Austurríki í október 2011 og erum við í riðli með Austurríki, Kasakstan og Skotlandi.

Lokaorð

Árið 2010 var gott ár fyrir yngri landslið kvenna. Árangur beggja liða var góður en þó voru það vonbrigði að ná ekki betri árangri í milliriðlum EM í Rússlandi síðastliðið vor. Tæplega 60 leikmenn léku með U17 og U19 á árinu og fengu mikilvæga reynslu sem vonandi nýtist þeim vel til framtíðar. Framundan er spennandi ár þar sem bæði U17 og U19 kvenna leika í milliriðlum EM. Við bindum vonir við að bæði liðin komist í úrslitakeppni EM enda eru liðin með frábæra leikmenn og öll umgjörð er mjög góð. Það er valinn maður í hverju starfi hjá yngri landsliðum kvenna, hæfir þjálfarar, aðstoðarþjálfarar og markmannsþjálfari á æfingum liðanna, lækningar og sjúkraþjálfarar skila frábæru starfi og margreyndir liðsstjórar landsliðanna eru mikilvægur hlekkur í góðri liðsstjórn.

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

Ragnhildur Skúladóttir, formaður

Landsleikir á árinu

Nr.	Leikdagur	Lið - Keppni	Land	Staður	Völlur	Heimalið	Gestir	Úrslit
1	mið. 24. feb	A kvenna - Algarve 2010 B	Portúgal	Algarve	Est. Municipal de VRS Antonio	Bandaríkin	Ísland	2-0
2	fös. 26. feb	A kvenna - Algarve 2010 B	Portúgal	Algarve	Est. Municipal de VRS Antonio	Ísland	Svíþjóð	1-5
3	mán. 01. mar	A kvenna - Algarve 2010 B	Portúgal	Algarve	Est. Municipal de VRS Antonio	Noregur	Ísland	3-2
4	þri. 02. mar	U21 karla - EM 2011	Þýskaland	Magdeburg	MDCC-Arena Magdeburg	Þýskaland	Ísland	2-2
5	mið. 03. mar	A karla - VL 2010	Kýpur	Larnaca	Antonis Papadopoulos	Kýpur	Ísland	0-0
6	mið. 03. mar	A kvenna - Algarve 2010 Ú	Portúgal	Algarve	Estadio Algarve	Portúgal	Ísland	0-3
7	sun. 21. mar	A karla - VL 2010	Ísland	Kópavogur	Kórinn	Ísland	Færeyjar	2-0
8	mið. 24. mar	A karla - VL 2010	Bandaríkin	Charlotte	Bank of America Stadium	Mexíkó	Ísland	0-0
9	lau. 27. mar	A kvenna - HM 2011	Serbía	Banatski Dvor	Mirko Vucurevic	Serbía	Ísland	0-2
10	lau. 27. mar	U19 kvenna - Milliriðill EM 2010	Rússland	Sochi	Sputnik-Sport Sochi	Spánn	Ísland	2-3
11	mán. 29. mar	U19 kvenna - Milliriðill EM 2010	Rússland	Sochi	Sputnik-Sport Sochi	Ísland	Rússland	0-1
12	mið. 31. mar	A kvenna - HM 2011	Krótía	Vrbovec	Vrbovec Stadium	Krótía	Ísland	0-3
13	fim. 01. apr	U19 kvenna - Milliriðill EM 2010	Rússland	Sochi	Sputnik-Sport Sochi	Tékkland	Ísland	2-1
14	lau. 29. maí	A karla - VL 2010	Ísland	Reykjavík	Laugardalsvöllur	Ísland	Andorra	4-0
15	lau. 19. jún	A kvenna - HM 2011	Ísland	Reykjavík	Laugardalsvöllur	Ísland	Norður-Írland	2-0
16	þri. 22. jún	A kvenna - HM 2011	Ísland	Reykjavík	Laugardalsvöllur	Ísland	Krótía	3-0
17	mán. 05. júl	U17 kvenna - NM A riðill	Danmörk	Hørsholm	Hørsholm Stadium	Ísland	Finnland	1-0
18	þri. 06. júl	U17 kvenna - NM A riðill	Danmörk	Hørsholm	Hørsholm Stadium	Þýskaland	Ísland	1-0
19	fim. 08. júl	U17 kvenna - NM A riðill	Danmörk	Vangede	Vangede Stadium	Ísland	Svíþjóð	3-2
Lengjubikar karla	182	647	49	3,55	0,27	Lengjubikar karla	148	467	52	3,16	0,35
Pepsi-deild kvenna	90	172	13	1,91	0,14	Pepsi-deild kvenna	90	185	13	2,06	0,14
1. deild kvenna A	42	43	2	1,02	0,05	1. deild kvenna A	30	36	1	1,20	0,03
1. deild kvenna B	56	68	6	1,21	0,11	1. deild kvenna B	42	56	6	1,33	0,14
1. deild kvenna úrslit	5	8	1	1,60	0,20	1. deild kvenna úrslit	13	15	1	1,15	0,08
VISA-bikar kvenna	23	38	6	1,65	0,26	VISA-bikar kvenna	20	18	1	0,90	0,05
Lengjubikar kvenna	67	64	4	0,96	0,06	Lengjubikar kvenna	52	54	3	1,04	0,06
Meistarakeppni KSÍ	2	8	1	4,00	0,50	Meistarakeppni KSÍ	2	4	0	2,00	0,00
2. flokkur karla	294	815	88	2,77	0,30	2. flokkur karla	252	646	70	2,56	0,11
3. flokkur karla	329	456	33	1,39	0,10	3. flokkur karla	387	572	62	1,48	0,11
4. flokkur karla	391	161	16	0,41	0,04	4. flokkur karla	394	255	25	0,65	0,10
2. flokkur kvenna	93	49	0	0,53	0,00	2. flokkur kvenna	72	30	5	0,42	0,17
3. flokkur kvenna	164	56	2	0,34	0,01	3. flokkur kvenna	187	64	10	0,34	0,16
4. flokkur kvenna	228	34	0	0,15	0,00	4. flokkur kvenna	179	26	1	0,15	0,04
2. flokkur karla bikar	24	72	7	3,00	0,29	2. flokkur karla bikar	25	53	7	2,12	0,13
3. flokkur karla bikar	30	47	11	1,57	0,37	3. flokkur karla bikar	30	44	5	1,47	0,11
2. flokkur kvenna bikar	13	15	0	1,15	0,00	2. flokkur kvenna bikar	12	12	1	1,00	0,08
3. flokkur kvenna bikar	23	23	0	1,00	0,00	3. flokkur kvenna bikar	24	8	0	0,33	0,00
Samtals	2722	5414	500	1,99	0,18	Samtals	2615	5105	481	1,95	0,18

Drago-styttur

Pepsi-deild karla 2010

Háttvísímat eftirlitsmanna

Röð	Félag	Einkunn
1	Breiðablik	8,02
2	Keflavík	7,67
3	Stjarnan	7,66
4	FH	7,58
5	Valur	7,55
6	Selfoss	7,48
7	ÍBV	7,44
8	Fram	7,43
9	Grindavík	7,40
10	Fylkir	7,35
11	Haukar	7,35
12	KR	7,34

Gul og rauð spjöld

Lið	Gul	Rauð	Refsstig
Breiðablik	34	1	38
Keflavík	36	2	44
Fram	37	3	49
Stjarnan	44	2	52
Valur	52	0	52
Grindavík	37	5	57
Haukar	51	2	59
KR	53	2	61
FH	42	5	62
ÍBV	50	3	62
Selfoss	47	4	63
Fylkir	40	6	64

Breiðablik hlaut Drago-styttuna í Pepsi-deild karla 2010 á grundvelli háttvísímats eftirlitsmanna KSÍ, en rauð og gul spjöld vega þungt í því mati.

1. deild karla Gul og rauð spjöld

Lið	Gul	Rauð	Refsstig
Víkingur R.	36	2	44
HK	48	0	48
Gróttta	49	1	53
Þór	53	1	57
Fjölnir	38	5	58
Njarðvík	52	2	60
KA	53	2	61
Leiknir R.	42	5	62
Þróttur R.	38	7	66
ÍA	50	7	78
ÍR	50	10	90
Fjarðabyggð	51	10	91

Handhafi Drago-styttunnar í 1. deild karla 2010 er Víkingur Reykjavík.

Skýrsla háttvísinefndar

Breiðablik var prúðasta liðið í Pepsi-deild karla samkvæmt háttvísímati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísímatið tekur mið af eftirfarandi atriðum: Fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda.

Í Pepsi-deild kvenna voru Stjarnan og Valur prúðustu liðin, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

Háttvísinefnd valdi Fjalar Þorgeirsson, Fylki, háttvísasta leikmanninn í Pepsi-deild karla og Söndru Sigurðardóttur, Stjórnunni, háttvísasta leikmanninn í Pepsi-deild kvenna. Fjalar og Sandra eru bæði þekkt fyrir þróðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

Að vali nefndarinnar komu meðal annars landsliðsþjálfarar KSÍ og Víðir Sigurðsson blaðamaður. Klara Bjartmarz var starfsmaður nefndarinnar.

Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2010 skipuðu Lúðvík S. Georgsson formaður, Stefán Geir Þórisson og Örn Gunnarsson. Varamenn voru Guðmundur H. Pétursson, Gísli Guðni Hall og Jóhann Albertsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Birkir Sveinsson og Klara Bjartmarz.

Leikmannasamningar

Fj. í gildi 15/01/11	Fjöldi skráðra samninga*	2010		2009		2008		2007		2006	
		Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga
276	Pepsi-deild karla	203	12	236	12	198	12	153	10	211	10
249	1. deild karla	184	11	199	12	130	12	90	11	123	10
130	2. deild karla	98	10	78	8	64	7	25	5	50	7
25	3. deild karla	31	3	5	2	7	1	28	3	9	1
161	Pepsi-deild kvenna	103	10	109	9	72	8	92	8	57	7
104	1. deild kvenna	115	9	78	9	74	8	50	5	11	3
543	Leikmannssamningar	362	24	426	23	273	21	245	29	297	23
402	Sambandssamningar	372	32	279	30	272	26	193	29	164	23

* Fjöldi skráðra samninga á árinu er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi.

Málum vísað til nefndarinnar

Eins og undanfarin ár eru mörg ágreiningsefni sem upp koma leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Flest málin tengdust því að leikmenn leituðu aðstoðar KSÍ við innheimtu útistandandi launa. Nefndin hefur haft það vinnulag á að þegar leikmaður óskar eftir aðstoð nefndarinnar við innheimtu launa þá þurfi leikmaðurinn fyrst að senda formlega greiðsluáskorun á viðkomandi félag og gefa félaginu hæfilegan frest til að leysa úr málinu. Í millitíðinni leysast flest málin en erfiðustu málin koma þó til nefndarinnar til formlegrar úrlausnar. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

Jón Gunnar gegn Keflavík

Jón Gunnar Eysteinnsson taldi sig eiga inni laun hjá Keflavík. Keflavík taldi að þeim bæri ekki skylda til að greiða honum umsamin laun þar sem gengið hafði verið frá félagaskiptum hans í Fram áður en samningurinn rann út. Samningur Jóns við Fram tók gildi eftir að samningur hans við Keflavík rann út. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að þar sem ekki var gengið frá starfslokum hans við Keflavík þegar hann gekk í raðir Fram bæri Keflavík að efna samninginn.

Áfrýjun vegna gildistíma samninga

Skrifstofa KSÍ hafnaði staðfestingu nokkurra leikmannssamninga/sambandssamninga hjá Stjórnunni þar sem gildistími samninga og greiðslur náðu ekki yfir sama tíma. Þarna var um að ræða að samningarnir náðu yfir þrjú keppnistímabil en greiðslur tengdar samningnum greiðast á fyrstu tveimur keppnistímabilunum. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að þar sem um fullnaðargreiðslu fyrir samningstímann væri að ræða þá bæri skrifstofu KSÍ að staðfesta samningana.

Áfrýjanir vegna undanþágu á félagaskiptum markvarðar

a) Keflavík áfrýjaði ákvörðun framkvæmdastóra KSÍ um að hafna beiðni um undanþágu til félagaskipta markvarðar þegar félagaskiptaglugginn var lokaður. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að umræddu undanþáguákvæði verði ekki beitt nema við mjög sérstakar aðstæður og að meiðsli eins leikmanns í Pepsi-deild karla geti ekki flokkast þar undir. Nefndin staðfesti því ákvörðun framkvæmdastóra KSÍ.

b) Þór áfrýjaði einnig ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ um að hafna beiðni um undanþágu til félagaskipta markvarðar þegar félagaskiptaglugginn var lokaður. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að meiðsli aðal- og varamarkmanns flokkuðust undir sérstakar aðstæður og samþykkti kröfu Þórs.

Tindastóll gegn Breiðablik

Tindastóll kvartaði yfir því að þjálfari á vegum Breiðabliks hafi haft samband við samningsbundinn leikmann Tindastóls. Breiðablik taldi að hér væri um misskilning að ræða þar sem umræddur leikmaður hefði haft frumkvæði að samræðunum við liðsstjóra Breiðabliks (ekki þjálfara) eftir leik þeirra í 2. fl. ka. Nefndin ákvað að aðhafast ekki frekar í málinu nema frekari gögn kæmu fram.

FH gegn Breiðabliki

FH óskaði eftir aðstoð nefndarinnar við að fá afrit af samningi Breiðabliks og Reading sem gerður var vegna félagaskipta Gylfa Þ. Sigurðssonar úr Breiðabliki í Reading 2005. Vísaði FH til 20.gr. reglugerðar KSÍ um félagaskipti og stöðu leikmanna og félaga. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að þau ákvæði sem vísað var til í kröfugerðinni ættu ekki við, ásamt því að FH hafi ekki sýnt fram á lögvarða hagsmuni af málinu og því ákvað nefndin að vísa málinu frá nema fram kæmu ný gögn. Nefndin fékk

málið aftur til umfjöllunar með ítarlegri gögnum. Einnig aflaði nefndin sjálf gagna frá enska knattspyrnusambandinu. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Breiðablik hefði í samningum sínum við Reading einungis samið um sína hagsmuni og þar sem Gylfi var ekki á samningi hjá Breiðabliki ætti ákvæði 20. greinar reglugerðarinnar ekki við og FH ætti því ekki rétt á því að fá afrit af gögnum Breiðabliks í málinu. Þess ber þó að geta að Breiðablik heimilaði FH að sjá umræddan samning.

Breiðablik gegn Stjörnunni

Breiðablik taldi að rangt hefði verið farið með skiptingu á félagaskiptagjaldi vegna sölu Stjörunnar á Steinþóri Þorsteinssyni til Örgryte. Breiðablik dró málið til baka áður en það fékk efnislega meðferð.

Þór gegn Nebojsa Lovic

Þór kvartaði undan störfum Nebojsa Lovic sem umboðsmanns. Ekki barst svar frá honum við erindi nefndarinnar þrátt fyrir ítrekanir þar að lútandi. Hann er ekki með umboðsmannaleyfi frá FIFA eða öðrum knattspyrnusamböndum. Mjög varasamt getur verið fyrir leikmenn og félög að kaupa þjónustu af slíkum mönnum, enda er það ekki heimilt samkvæmt reglum KSÍ og FIFA.

Áfrýjun á afreksstuðli

ÍBV áfrýjaði flokkun Rasmusar Christansen. Eftir að nefndin hafði farið yfir feril hans m.t.t. landsleikja í Danmörku var hann hækkaður úr stuðli 1 og í 3.

Mál sem bárust of seint

Ekki var fjallað efnislega um mál Paul McShane gegn Fram og mál Atla Heimissonar gegn ÍBV þar sem málin bárust ekki innan tilskilins frests. Ágreiningsmál þurfa að hafa borist nefndinni innan árs frá því að atvik að baki ágreiningsefninu á sér stað.

TMS kerfi FIFA

Árið 2007 var samþykkt á þingi Alþjóðaknattspyrnusambandsins (FIFA) að innleiða rafrænt kerfi fyrir alþjóðleg félagaskipti leikmanna (karlmanna) sem skráðir sem eru sem atvinnuleikmenn (professional leikmenn). Fékk kerfið heitið TMS – Transfer Matching System. Um er að ræða miðlægan gagnagrunn sem öll ofangreind félagaskipti þurfa að fara í gegnum. Kerfið er einnig notað til að sækja um undanþágur fyrir alþjóðleg félagaskipti allra leikmanna yngri en 18 ára. Markmið FIFA með kerfinu eru að gera félagaskipti gagnsæri og auka vernd leikmanna sem eru yngri en 18 ára. Kerfið hefur verið í þróun síðan og eru nú allar 208 aðildarþjóðir FIFA orðnar virkar í TMS kerfinu. Í janúar 2009 komu fulltrúar FIFA til landsins og héldu námskeið fyrir fulltrúa KSÍ og fulltrúa Pepsi-deildar félaga. Á þessu ári hafa starfsmenn KSÍ séð um að þjálfa fulltrúa félaga í 1. deild í notkun kerfisins enda er notkun þess nú orðið skylda í alþjóðlegum félagaskiptum atvinnuleikmanna (á við um félög í Pepsi-deild karla og 1. deild karla). TMS kerfið lofar góðu og hefur sannað gildi sitt en að sjálfsögðu hafa komið upp byrjunarörðugleikar í notkun þess.

Umboðsmenn

Sjö íslenskir umboðsmenn voru starfandi á árinu. Enginn óskaði eftir því að þreyta umboðsmannapróf og fór því ekkert slíkt próf fram á árinu. Þrjátíu og tveir umboðsmannasamningar (samningar leikmanna við umboðsmann) frá sex umboðsmönnum (íslenskum og erlendum) voru skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu. Þann 31. desember 2010 voru 43 gildir umboðsmannasamningar á skrá hjá KSÍ.

Félagaskipti

Fjöldi félagaskipta á árinu var 1.995 sem er fjölgun frá fyrra ári. Félagaskiptum heldur því áfram að fjölga og hefur fjölgað um 80% frá árinu 2000. Síðustu dagana fyrir lokun félagaskiptaglugga gengur oft mikið á. Ekki næst alltaf að fá staðfestingar viðkomandi knattspyrnusambanda í tæka tíð sem leiðir til þess að ekki er hægt að gefa út keppnisleyfi fyrir viðkomandi leikmann. Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt en í tveimur tilfellum gaf framkvæmdastjóri KSÍ út keppnisleyfi af þessum sökum. Tvær undanþágur voru veittar vegna félagaskipta markvarða. Önnur undanþágan var veitt eftir áfrýjun til samninga- og félagaskiptanefndar.

	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Fjöldi félagaskipta	1.995	1.935	1.895	1.688	1.639	1.427	1.246	1.257	1.078	1.096	1.105

Nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2010-2011: Ragnhildur Skúladóttir formaður, Guðni Kjartansson, Jón Gunnlaugsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 6 bókaða fundi á starfsárinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi á árinu.

Þjálfaramenntun

Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson voru starfsmenn fræðslumála hjá KSÍ á þessu starfsári. Verkefni ársins voru fleiri, umfangsmeiri og fjölbreyttari en áður, bæði hvað varðar námskeiðahald og önnur fræðsluverkefni enda eftirspurnin mikil. Á þessu starfsári fóru í gang súpufundir KSÍ með fjölbreyttum og mikilvægum erindum, fjölbreytt endurmenntunarnámskeið og grunnurinn var lagður að mikilvægum framtíðarhugmyndum sem verða að veruleika á nýju starfsári. Þannig hefur stjórn KSÍ samþykkt að setja í gang mikilvæg verkefni eins og Þjálfaraskóla KSÍ (mentorkerfi og stuðningur fyrir þjálfara hjá félagunum), Tækniskóla KSÍ (DVD diskur KSÍ um knattækni sem verður gefinn út í 20.000 eintökum og færður öllum börnum og unglingum sem æfa knattspyrnu á Íslandi að gjöf) og haldið verður námskeið í þjálfun barna í samvinnu við enska knattspyrnusambandið og með fyrirlesurum þaðan. Sjö Íslendingar hafa nú lokið við UEFA Pro þjálfaragráðuna og tveir til viðbótar eru að ljúka við það nám erlendis í sumar. Það er mikilvægt fyrir framtíð íslenskrar knattspyrnu að íslenskir þjálfarar nái sér í þessa menntun, sem er sú æðsta sem UEFA viðurkennir og því hefur KSÍ stutt við bakið á þessum þjálfurum bæði með fræðslustyrkjum í formi flugferða og með tæknilegri aðstoð frá fræðsludeild KSÍ. Staðan á menntun þjálfara er mjög góð, en mjög nákvæmt yfirlit yfir stöðuna á menntun þjálfara mun liggja fyrir og verður kynnt aðildarfélagunum í sumar. Fræðsluvefur KSÍ var áfram veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast þjálfurum í starfi. Fræðsludeild KSÍ vill koma á framfæri þakklæti fyrir frábært samstarf við aðildarfélögin í uppbyggingu þjálfaramenntunar í knattspyrnunni á Íslandi en flest félög eru farin að leggja mikla áherslu á þennan þátt hjá sér.

Námskeiðahald

Áfram var metþátttaka á námskeiðum KSÍ á þessu starfsári. Það sem var ólíkt þróun síðustu ára er að mun meiri fjöldi þjálfara en áður er að taka efri þjálfarastig KSÍ. Þannig voru um 60 umsækjendur um 28 pláss á KSÍ VI námskeiðinu og sprenging varð í þátttökufjölda á KSÍ III (126 þátttakendur í stað 74 þátttakenda í fyrra). Haldin voru 11 KSÍ þjálfaranámskeið, 4 endurmenntunarnámskeið og 5 súpufundir á árinu eða alls 20 fræðsluviðburðir á vegum KSÍ, en það er líka met í fjölda viðburða. Alls mættu 825 þjálfarar á fræðsluviðburðina, en það er um 25% aukning frá því í fyrra sem þó var metár. Á þessu starfsári voru haldin mörg endurmenntunarnámskeið fyrir þjálfara sem hafa lokið við KSÍ A gráðu. Endurmenntunarnámskeiðin voru vel sótt og almennt er staðan á endurmenntun mjög góð svo þjálfararnir eru duglegir að viðhalda sinni menntun. KSÍ bauð upp á nýjung í endurmenntun með því að taka viðtöl við toppþjálfara, setja á fræðsluvef KSÍ og þannig gátu þjálfarar á landsbyggðinni sparað sér ferðakostnað en samt fengið endurmenntun. Þjálfurum bauðst einnig að fylgjast með æfingum hjá öðrum þjálfurum og skila inn skýrslu því til staðfestingar.

Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á þjálfaranámskeiðunum okkar, en alls störfuðu 53 þjálfarar og sérfræðingar hjá okkur á þessu ári og kunnum við þeim bestu þakki fyrir góð störf: Arnar Bill Gunnarsson, Ásgrímur Jörundsson, Ásmundur Haraldsson, Birkir Sveinsson, Elís Þór Rafnsson, Eysteinn Hauksson, Dagur Sveinn Dagbjartsson, Dr. David Sanders, Einar Ólafsson, Freyr Alexandersson, Freyr Sverrisson, Friðrik Ellert Jónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðjón Örn Helgason, Guðmundur Hreiðarsson, Guðrún Inga Sívertsen, Gunnar Guðmundsson, Gunnar Magnús Jónsson, Hákon Sverrisson, Heimir Guðjónsson, Ian Bateman, Janus Guðlaugsson, Jóhannes Karl Sigursteinsson, Jóhannes Valgeirsson, Katrín Jónsdóttir, Keith Hackett, Kjartan Orri Sigurðsson, Klara Bjartmarz, Kristinn Jakobsson, Lars Lagerback, Magnús Már Jónsson, Martin Bland, Njáll Eiðsson, Ólafur Þór Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson, Ólafur Kristjánsson, Ómar Smáráson, Ótthar Edvardsson, Reynir Björn Björnsson, Rúnar Kristinsson, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Skúli Skúlason, Steen Gleie, Stuart Baxter, Sverrir Óskarsson, Úlfar Hinriksson, Vanda Sigurgeirsdóttir, Viðar Jensson, Willum Þór Þórsson, Þorlákur Árnason, Þorsteinn Gunnarsson, Þorvaldur Örylgsson og Örn Ólafsson.

Erlend samskipti

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur á árinu en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- KSÍ hélt Norðurlandaráðstefnu í þjálfaramenntun sem fram fór í Reykjavík, 23.-25. nóv.
- Gunnar Guðmundsson og Ólafur Kristjánsson fóru á UEFA ráðstefnu um þjálfaramenntun sem fram fór í Flórens, Ítalíu, 12.-16. apríl.
- Ólafur Jóhannesson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson fóru á UEFA ráðstefnu A-landsliðsþjálfara og fræðslustjóra sem fram fór í Madrid, Spáni, 20.-22. september.

Fræðsluverkefni UEFA - UEFA study group scheme

KSÍ tók áfram þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist UEFA study group scheme og voru fulltrúar KSÍ bæði í hlutverki gesta og gestgjafa. Verkefnið snýst um að kynna ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum löndum Evrópu.

- 10 fulltrúum aðildarfélaganna og 1 fulltrúa KSÍ var boðið til Hollands að kynna sér afreksþjálfun ungra leikmanna hjá hollenska knattspyrnusambandinu, 2.-5. febrúar.
- KSÍ var gestgjafi á ráðstefnu um kvennaknattspyrnu fyrir Ítalíu, Norður-Írland og Kýpur sem fram fór á Íslandi 21.-23. september.
- 11 fulltrúum KSÍ og aðildarféлага var boðið til Englands að kynna sér grasrótarknattspyrnu hjá enska knattspyrnusambandinu, 29. nóvember-2. desember.

Styrkir KSÍ til fræðslumála

KSÍ veitti 10 styrki til fræðslumála á þessu ári. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Ícelandair og tilbaka. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ. Eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- Ásmundur Haraldsson frá Gróttu, Freyr Alexandersson frá Val og Gunnar Borgþórsson frá Selfossi hlutu styrk til að fara á árlega ráðstefnu bandaríska þjálfarafélagsins.
- Páll Árnason frá Stjörnunni hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá AZ Alkmaar í Hollandi.
- Willum Þór Þórsson frá Keflavík, Þorvaldur Örylgsson frá Fram og Heimir Hallgrímsson hlutu styrki til að sækja Pro licence námskeið í Englandi.
- Ólafur Kristjánsson frá Breiðablik hlaut styrk til að sækja Pro licence námskeið í Danmörku.

Tækniskóli KSÍ (DVD diskur fyrir upprennandi knattspyrnustjórnur)

Fræðsludeild KSÍ vann að upptökum og útgáfu á DVD disk sem er ætlað að hvetja börn og unglinga í knattspyrnu til að vera dugleg að æfa sig sjálf aukalega. Diskurinn er stútfullur af æfingum sem er ætlað að bæta knatttækni leikmanna ásamt hvetjandi viðtölum við leikmenn A-landsliða karla og kvenna og myndbrotum úr landsleikjum. Upplag disksins eru 20.000 eintök og KSÍ stefnir á að gefa börnum og unglungum sem æfa knattspyrnu eintak af honum. Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Freyr Sverrisson völdu æfingarnar á diskinn, Guðmundur Benediktsson talar inn á hann og Hannes Þór Halldórsson er framleiðandi. Stefnt er á að diskurinn komi út í janúar/febrúar.

Knattspyrnuskóli KSÍ

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 14.-18. júní en hann sóttu samtals 45 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Skóli stúlkanna fór fram dagana 7.-11. júní og sóttu hann 40 stúlkur. Þorlákur Már Árnason var skólastjóri og honum til aðstoðar voru Íris Björk Eysteinsdóttir, Ragnhildur Skúladóttir og Bóel Kristjánsdóttir. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnuskólana að vanda.

Knattþrautir KSÍ

Einar Lars Jónsson stórnaði knattþrautaátaki KSÍ í sumar en 5.flokkur karla og kvenna voru heimsótt um allt land og settar voru upp knattþrautir fyrir flokkana. Lars heimsótti 53 aðildarfélög og alls tóku um 2000 strákar og stelpur þátt í knattþrautunum. Lars gaf börnunum góð ráð, spjallaði við þau um hvað þarf til að ná langt í knattspyrnu og hvatti þau áfram. Þetta knattþrautaátak KSÍ fékk mjög góðar viðtökur hjá aðildarfélagunum. Hvert aðildarfélag tilnefndi einn dreng og eina stúlku sem höfðu verið duglegust að æfa sig í þessum tækniæfingum yfir sumarið til að taka á móti verðlaunum á A-landsleik um haustið. Alls voru það 49 strákar og 43 stelpur sem tóku þar á móti viðurkenningu.

Lokaorð

Að ofantöldu má sjá að verkefni Knattspyrnusambandsins á sviði fræðslumála eru ærin og hefur starfsemin aukist verulega á undanförunum árum. Það er jafnframt gleðilegt hvað þjálfarar eru duglegir

Ársskýrsla KSÍ 2010

að afla sér aukinnar menntunar og félögin að styðja þá í því verkefni. Fræðslunefndin býr að því að hafa mjög öfluga starfsmenn þá Sigurð Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóra og Dag Svein Dagbjartsson, sem halda utan um fræðslumálin og sinna því starfi af miklum áhuga og eljusemi. Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum og öðrum starfsmönnum KSÍ fyrir samstarfið.

Ragnhildur Skúladóttir, formaður

Þjálfaranámskeið KSÍ árið 2010

8-10. janúar	KSÍ III	Reykjavík	26 þjálfarar
15-17. janúar	KSÍ III	Reykjavík	30 þjálfarar
15-17. janúar	KSÍ I	Akureyri	17 þjálfarar
23-25. apríl	KSÍ V	Reykjavík	35 þjálfarar
29. apríl	Steen Gleie*	Reykjavík	60 þjálfarar
14. ágúst	Bikarráðstefna*	Reykjavík	63 þjálfarar
1-3. október	KSÍ I	Reykjavík	51 þjálfari
8-10. október	KSÍ I	Reykjavík	54 þjálfarar
15-17. október	KSÍ II	Reykjavík	35 þjálfarar
22-24. október	KSÍ II	Reykjavík	51 þjálfari
29-31. október	KSÍ II	Reykjavík	70 þjálfarar
5-7. nóvember	KSÍ I	Reyðarfjörður	14 þjálfarar
5-7. nóvember	KSÍ V	Reykjavík	25 þjálfarar
12. nóvember	Barnþj.ráðstefna*	Reykjavík	90 þjálfarar
13. nóvember	Ian Bateman*	Akureyri	14 þjálfarar


* KSÍ A endurmenntunarnámskeið

Súpufundir KSÍ árið 2010


- 18. febrúar „Atriði sem tengjast hollustu og tryggð knattspyrnumanna gagnvart félagi sínu“ - Guðjón Helgason. 90 manns
- 8. apríl „Spilafíkn“ - Asgrímur Jörundsson. 37 manns
- 6. maí „Munntóbaksnotkun innan knattspyrnuhreyfingarinnar“ - Viðar Jensson. 24 manns
- 22. júní „Heilbrigðismál í Suður-Afríku“ - Dr. David Sanders 15 manns
- 29. nóvember „Börn með sérþarfir“ - Vanda Sigurgeirsdóttir 24 manns

Alls 20 fræðsluviðburðir og 825 þátttakendur.

Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2000-2010



Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2000-2010



Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu starfsárið 2010-2011 þeir Vignir Már Þormóðsson formaður, Björn Friðbjólfsson, Tómas Þóroddsson, Árni Ólason og Jakob Skúlason. Árni Ólason flutti til Noregs og tók varamaður hans á Austurlandi Valdemar Einarsson við sæti hans í nefndinni. Starfsmenn nefndarinnar voru Guðlaugur K. Gunnarsson og Dagur S. Dagbjartsson. Haldnir voru þrjú bókaðir fundir á árinu. Helstu útbreiðsluverkefni ársins voru framhald á gæðavottun knattspyrnskóla félaganna, ásamt smærri verkefnum.

Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna

Unnið var samkvæmt þeirri áætlun sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2008.

Markmið KSÍ

Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands.

Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

Knattspyrnskólar

Unnar voru leiðbeiningar að gæðavottun árið 2009 fyrir knattspyrnskóla félaga sem var send í skólana og síðan fóru starfsmenn KSÍ í þá skóla sem óskuðu þess og tóku út starfsemi skólanna. Árið 2009 stóðust þrjú skólar vottunina - Gróttu, HK og Víkingur R.. Sóttu þeir um vottunina aftur ásamt því að Breiðablik, Valur, Fjölnir og Þróttur R. sóttu um gæðavottun. Hlutu allir sjö knattspyrnskólarnir gæðavottun fyrir árið 2010.

Grasrotarráðstefna Norðurlandanna

Dagana 30. maí – 2. júní fóru Guðlaugur Gunnarsson og Vignir Már Þormóðsson á grasrotarráðstefnu Norðurlandanna sem haldin hefur verið annað hvert ár, og var að þessu sinni haldin í Noregi. Helstu málefni sem voru rædd voru:

- „*Brottfall iðkenda á aldrinum 13–19 ára*“ - Fluttu Danmörk, Finnland og Ísland fyrirlestra um þetta málefni.
- „*Stefnumörkun og markmið Grasrotarstarfs*“ - Finnland, Noregur og Danmörk leggja mikla vinnu í stefnumörkun enda er hver þjóð með upp í fjóra starfsmenn sem vinna eingöngu að rannsóknum og mótun grasrotarstarfs þessara landa. Svíar og við Íslendingar vinnum vel að þessum málum þó ekki sé lögð jafn mikil áhersla á rannsóknir.
- „*Sjálfbóðaliðastarf í þágu félaga*“ - Þegar Norðurlöndin ræða um sjálfbóðaliðastarf er það í þjálfun yngri flokka. Þar erum við mun framar en hinar þjóðirnar með menntaða þjálfara hjá flestum ef ekki öllum félögum.
- Einnig var fjallað um fjármagn til grasrotarstarfs, en Finnland hefur getað sótt í sjóði Evrópusambandsins í þeim efnum.
- Þróun og gæðastarf félaga var einnig á dagskránni, en Danir hafa hug á að taka upp Grasrotarstjórnukerfi UEFA og aðlaga það þannig að félögin fái stjórnur eftir því hvernig þau sinna Grasrotarstafi og hugsanlega styrkja þau félög sem sinna því starfi best.

UEFA Study Group Scheme, Englandi

Dagana 29. nóvember – 2. desember fóru Guðlaugur Gunnarsson starfsmaður útbreiðslunefndar og Vignir Már Þormóðsson formaður útbreiðslunefndar og kynntu sér grasrotarstarf í Englandi ásamt níu öðrum, þeim Ragnhildi Skúladóttur íþróttafulltrúa Vals og stjórnarmanni KSÍ, Frey Sverrissyni Haukum, Herði Guðjónssyni Fylki, Ólafi Ólafssyni Víkingi, Þórði Þórðarsyni ÍA, Eysteini Haukssyni Hetti, Sveini Aðalsteinssyni Völsungi, Jóni Birni Ólafssyni Íþróttasambandi fatlaðra og Eddu Garðarsdóttur landsliðskonu. Einnig voru fulltrúar Búlgaríu og Rússlands þar í sömu erindum.

Viðurkenningar fyrir grasrotarviðburði

ÍA hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrotarviðburð ársins 2010 – Norðurálmótið, sem hefur um árabil verið haldið með miklum glæsibrag. FH fékk viðurkenningu fyrir grasrotarviðburð ársins hjá fötluðum vegna knattspyrnumóts Special Olympics sem haldið var í Risanum. KS fékk viðurkenningu fyrir Þæjumótið sem besta grasrotarviðburð stúlkna.

Ýmis smærri útbreiðsluverkefni árið 2010

Starfsmenn, leikmenn landsliða og þjálfarar hafa farið vítt og breitt um landið, farið á æfingar hjá félögum og haldið fyrirlestra. Meðal annars fóru Ólafur Jóhannesson landsliðþjálfari og Gunnar Jarl Jónsson dómari til Reyðarfjarðar og voru með fyrirlestra í knattspyrnuakademíu Fjarðabyggðar og Guðlaugur Gunnarsson og Hólmfríður Magnúsdóttir fóru til Súðavíkur og Ísafjarðar.

Að lokum

Grasrótarknattspyrna hefur alla tíð leikið stórt hlutverk í knattspyrnuflórinni og er mikilvægur hluti þeirrar staðreyndar að þessi íþrótt sem er okkur svo kær sé svona vinsæl, ekki bara hér á Íslandi, heldur um allan heim. En hvað er grasrótarknattspyrna? Það er í sjálfu sér erfitt að skilgreina þetta óáþreifanlega hugtak en þó má segja að sú knattspyrna sem stunduð sé í grasrótinni sé sú mikilvægasta af öllum þrepum. Grasrótarknattspyrna getur flokkast sem ýmislegt, t.d. knattspyrna yngri iðkenda eða eldri flokks, knattspyrna fatlaðra, hádegisbolti vindahóps, keppni milli bekkja á skólavellinum, síðdegisleikur hóps af börnum á sparkvelli, knattspyrna blandaðra leikmanna fatlaðra og ófatlaðra, o.s.frv. Grasrótarknattspyrna getur verið svo margt. Aðeins lítill hluti þeirra sem stunda knattspyrnu ná langt í íþróttinni og leika fyrir meistaraflokkslið sinna félaga, enn færri verða atvinnumenn í íþróttinni og segja má að atvinnumennskan sé aðeins toppurinn á ísjakanum. Ef grasrótinni er veitt meiri athygli er líklegra að brottfall minnki og að þátttakendum verði haldið innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Þetta þurfa ekki að vera eingöngu leikmenn, heldur allir þeir aðilar sem hafa áhuga á að starfa áfram fyrir sitt félag með einhverjum hætti.

Vöknum ræturnar svo tréð vaxi - knattspyrna á að vera íþrótt fyrir alla.

Sérstakar þakkir færi ég öllum þeim sem unnu að grasrótastarfi innan knattspyrnunnar á einn eða annan hátt fyrir þeirra mikla og óeigingjarna starf um allt land. Samnefndarmönnum mínum og starfsmönnum útbreiðslunefndarinnar þakka ég ánægjulegt og gott samstarf.

Vignir Már Þormóðsson, formaður

Knattspyrnuskóli KSÍ - Drengir fæddir 1996

Félag	Nafn
Breiðablik	Alexander Helgi Sigurðarson
Dalvík	Úlfar Valsson
Einherji	Heiðar Aðalbjörnsson
FH	Ellert Snær Lárusson
Fjölnir	Ragnar Gíslason
Fram	Friðrik Frank Wathne
Fylkir	Björn Áki Jósteynsson
Gnúpverjar	Skúli Gunnarsson
Grindavík	Ivan Jugovic
Gróttá	Bjarni Rögnvaldsson
Grundarfjörður	Kristján Arnar Kristófersson
Haukar	Eggert Georg Tómasson
HK	Kristján Marteinnsson
Hrunamenn	Björgvin Viðar Jónsson
Hvöt	Friðrik Már Sigurðarson
Höttur	Þorleifur Ottó Jóhannsson
ÍA	Albert Hafsteinsson
ÍBV	Sigurður Grétar Benonýsson
ÍR	Benedikt Óli Sævarsson
KA	Gauti Gautason
Keflavík	Samúel Kári Friðþjófsson
KFR	Bjarki Hafberg Björgvinsson
Kormákur	Hannes Ingi Másson
KR	Júlí Karlsson
KS	Hlynur Örn Hlöðversson
Leiftur	Örn Elí Gunnlaugsson
Leiknir R.	Árni Elvar Árnason
Leiknir F.	Arnar Sær Karvelsson
Njarðvík	Ari Már Andrésón
Reynir Hellisandi	Óttar Ásbjörnsson
Selfoss	Sindri Pálmason
Sindri	Hrafn Logi Hermannsson
Skallagrímur	Áki Freyr Hafþórsson
Snæfell	Kristinn Magnús Pétursson
Stjarnan	Kári Pétursson
Tindastóll	Pétur Rúnar Birgisson
Valur	Marteinn Högni Elíasson
Valur Rf.	Magnús Guðlaugur Magnússon
Víkingur R.	Eiríkur Stefánsson
Víkingur Ó.	Vignir Stefánsson
Völsungur	Ásgeir Sigurgeirsson
Þór	Númi Kárasón
Þróttur Nes.	Anton Bragi Jónsson
Þróttur R.	Andrés Uggi Burknason

Knattspyrnuskóli KSÍ - Stúlkur fæddar 1996

Félag	Nafn
Afturelding	Snædís Guðrún Guðmundsdóttir
Álftanes	Guðrún Ingigerður Jónsdóttir
Austri	Sólrun Mjöll Jónsdóttir
BÍ/Bolungarvík	Sigrún Gunnþís Harðardóttir
Breiðablik	Andrea Rán Hauksdóttir
Einherji	Karitas Magnadóttir
Fjölnir	Ásta Guðlaugsdóttir
Fylkir	Rakel Jónsdóttir
Grindavík	Þórdís Una Arnarsdóttir
Gróttá	Birna Rún Erlendsdóttir
Grundarfjörður	Sigrún Pálsdóttir
Haukar	Heiða Rakel Guðmundsdóttir
HK	Elma Lára Auðunsdóttir
Höttur	Heiðís Sigurjónsdóttir
Huginn	María Vest
ÍA	Guðrún Karitas Sigurðardóttir
ÍBV	Tanja Rut Jónsdóttir
ÍR	Sandra Dögg Bjarnadóttir
KA	Sólveig María Þórðardóttir
Keflavík	Marta Hrönn Magnúsdóttir
Kormákur	Rakel Ósk Ólafsdóttir
KR	Hrafnhildur Erla Eiríksdóttir
KS	Kristín Júlía Ásgeirsdóttir
Leiftur	Jónína Kristjánsdóttir
Leiknir F.	Freydís Guðnadóttir
Selfoss	Erna Guðjónsdóttir
Sindri	Ljósbrá Ragnarsdóttir
Skallagrímur	Unnur Ársælsdóttir
Snæfell	Hekla Fönn Dórudóttir
Stjarnan	Theodóra Agnarsdóttir
Þór	Oddný K. Hafsteinsdóttir
Þróttur Nes.	Helena Líf Magnúsdóttir
Þróttur R.	Tinna Líf Jörgensen
Þróttur V.	Aníta Ósk Drzymkowska
Tindastóll	Ólína Sif Einarsdóttir
Valur	Katla Rún Arnórsdóttir
Valur Rf.	Elín Huld Sigurðardóttir
Víkingur R.	Kristín Inga Friðþjófsdóttir
Víkingur Ó.	Rakel Hjartardóttir
Völsungur	Dagbjört Ingvarsdóttir

Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirfarandi starfsárið 2010: Lúðvík S. Georgsson formaður, Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirsson, Rúnar Arnarson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson.

Nefndin hélt alls 5 bókaða fundi á starfsárinu. Helstu verkefni ársins voru eftirfarandi:

Í upphafi árs kom út veglegur bæklingur um uppbyggingu og viðhald grass á knattspyrnuvöllum, og var hann kynntur og honum dreift á knattspyrnuþingi 2010. Í bæklingnum er farið yfir grunnþætti varðandi uppbyggingu grasvalla og hvernig þeim verður best haldið við, til að gefa vallarstjórum og öðrum þeim sem fást við þetta verkefni betri innsýn í hlutverk sitt og gera þeim auðveldara að leita sér frekari þekkingar. Verulegar framfarir hafa orðið í þessu á Íslandi á síðustu árum, ekki síst vegna betri þekkingar og skilnings vallarstarfsmanna á þeim verkþáttum sem þarf að sinna ef grasvellir eiga að halda gæðum sínum, og vera tilbúnir snemma að vori.

Um vorið stóð nefndin svo fyrir útgáfu bæklinga um knattspyrnuleikvanga á Íslandi, þar sem fram koma í texta og á myndrænan hátt helstu upplýsingar um þá þætti sem knattspyrnuleikvangur þarf að uppfylla á Íslandi, samkvæmt reglugerðum, auk ábendinga um hagnýt atriði. Hugmyndin að baki þessu var að í bæklingnum væru settar fram allar lykilupplýsingar úr reglugerðum KSÍ og UEFA, sem þeir sem eru að huga að nýframkvæmdum eða endurbótum á knattspyrnuleikvöngum, þurfa að hafa vitneskju um.

Í vetrarbyrjun var undirbúningur hafinn að bæklingi þar sem fjallað verður um viðhald og meðferð knattspyrnugrass (gervigrass) á knattspyrnuvöllum til að tryggja hámarksendingu þess og gæði.

Í desember tóku fulltrúar mannvirkjanefndar þátt í fundi á vegum FIFA í Amsterdam um knattspyrnugras, þar sem kynnt var staða mála varðandi staðla og þróun í þessum málaflokki. Jafnframt var sótt sýning og málþing á sama stað, sem var kynningarvettvangur framleiðenda náttúrulegs grass, knattspyrnugrass og tækja til viðhalds. Þarna voru haldin fjölmörg erindi þar sem reynsla af nýtingu var kynnt af vallarstjórum og sagt frá uppbyggingu stórra knattspyrnuleikvanga af framkvæmdaaðilum.

Nefndin kemur áfram að tilraunaverkefni um upphitun valla sem Landbúnaðarháskólinn kom á lagginnar á árinu 2008 og stýrir. Verkefnið er styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur og KSÍ.

Að venju var farið yfir skráningu knattspyrnumannvirkja og ýtt eftir megni á að úrbætur yrðu gerðar þar sem aðstaða er ófullnægjandi. Verulegar framfarir urðu á nokkrum keppnisvöllum á árinu, t.a.m. með nýrri stúku og endurbyggingu glæsilegs keppnisvallar á Selfossi með hita- og vökvunarkerfi, stúku í Njarðvík, og endurbyggingu keppnisvallarins í Keflavík, og var jafnframt lagt þar hita- og vökvunarkerfi. Og í byrjun þessa árs var nýtt æfingahús fyrir knattspyrnu vígt í Vestmannaeyjum, sem gjörbreytir æfingaaðstöðu Eyjamanna að vetrarlagi. Auk ofangreinds hefur nefndin verið til ráðgjafar félögum og sveitarfélögum vegna framkvæmda tengdum knattspyrnumannvirkjum, og stjórn KSÍ við úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ.

Undirritaður vill að endingu þakka samverkafólki í mannvirkjanefnd og starfsfólki KSÍ fyrir frábært samstarf á starfsárinu.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

Heiðursviðurkenningar

Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu frá KSÍ á árinu:

Viðurkenning	Nafn	Félag
Gull	Atli Þórsson	Breiðablik
Gull	Ásta B. Gunnlaugsdóttir	Breiðablik
Gull	Guðmundur Oddsson	Breiðablik
Gull	Jóhann Baldurs	Breiðablik
Gull	Ólafur Björnsson	Breiðablik
Gull	Páll Bjarnason	Breiðablik
Gull	Pétur Ómar Ágústsson	Breiðablik
Gull	Sverrir Hauksson	Breiðablik
Gull	Þorsteinn Hilmarsson	Breiðablik
Gull	Björn Guðbjörnsson	Valur
Silfur	Andrés Pétursson	Breiðablik
Silfur	Arnar Grétarsson	Breiðablik
Silfur	Benedikt Guðmundsson	Breiðablik
Silfur	Einar Ingvarsson	Breiðablik
Silfur	Einar Kristján Jónsson	Breiðablik
Silfur	Elísabet Dungal	Breiðablik
Silfur	Guðrún Pétursdóttir	Breiðablik
Silfur	Hákon Sverrisson	Breiðablik
Silfur	Ingigerður Júlíusdóttir	Breiðablik
Silfur	Jóhannes Sveinbjörnsson	Breiðablik
Silfur	Kristín Rut Haraldsdóttir	Breiðablik
Silfur	Sigrún Sigríður Óttarsdóttir	Breiðablik
Silfur	Sverrir Óskarsson	Breiðablik
Silfur	Steinn Björgvin Jónasson	Leiknir F.
Silfur	Steinunn Björg Elísdóttir	Leiknir F.
Silfur	Brynja Sigurðardóttir	Þór
Silfur	Edvard van der Linden	Þór
Silfur	Eiríkur Eiríksson	Þór
Silfur	Halldór Áskelsson	Þór
Silfur	Hlynur Birgisson	Þór
Silfur	Ómar Torfason	Þór
Silfur	Páll V. Gíslason	Þór
Silfur	Reynir Eiríksson	Þór
Silfur	Rúnar Steingrímsson	Þór
Silfur	Sigurjón Magnússon	Þór
Silfur	Siguróli Kristjánsson	Þór
Silfur	Sveinn Guðmundsson	Þór
Silfur	Valdimar Pálsson	Þór
Silfur	Þorsteinn Árnason	Þór

Kærur og úrskurðir

Yfirlit yfir kærur og úrskurði má sjá í skýrslu stjórnar og á vef KSÍ undir

<http://www.ksi.is/log-og-reglugerdir/domasafn/>